

Umsókn um útgreiðslu séreignarsparnaðar

hjá Sameinaða lífeyrissjóðnum, í samræmi við breytingu á lögum nr. 129/1997 frá 17.09.2011

Nafn réttihafa	Kennitala
Heimilisfang	Póstnúmer
Netfang	Sími/GSM

Inneignin óskast lögð inn á:

Nafn banka og útibús	Tegund reiknings	Reikningsnúmer
----------------------	------------------	----------------

Tilhögun útborgunar. *

Fjárhæð _____ úr ávöxtunarleiðum _____
 Greitt verður út allt að hámarksgreiðslu kr. 416.667 á mánuði.

Óska eftir að fá greidda út lægri mánaðarlega greiðslu: _____ kr. á mánuði.

Fjárhæðin færist á Innlánsleið næsta virka dag eftir móttöku þessarar umsóknar.

Átt þú inneign í séreignarsparnaði hjá öðrum vörsluaðila? Já Nei

Ef já, hjá hvaða vörsluaðila? _____

*) Útborgun séreignarsparnaðar fer fram síðasta virka dag mánaðarins. Umsókn um útborgun þarf að berast sjóðnum fyrir 20. dag mánaðar (ath í desember fyrir 15.) vegna útborgunar um næstu mánaðamót á eftir.

Staðgreiðsla skatta

Staðgreiða skal skatt af útborgun séreignarsparnaðar.
 Það er á ábyrgð réttihafa að láta sjóðinn vita sé óskað eftir að skattgreiðsla verði með öðrum hætti en greiðsla frá sjóðnum segir til um.

Aðrar mánaðarlegar skattskyldar tekjur: _____

Skattþrep 1 (37,34% skattur á heildar skattskyldar tekjur undir 230.000 kr. á mánuði)

Skattþrep 2 (40,24% skattur á heildar skattskyldar tekjur frá 230.001 til 704.368 kr. á mánuði)

Skattþrep 3 (46,24% skattur á heildar skattskyldar tekjur umfram 704.367 kr. á mánuði)

Undirritun:

Undirritaður réttihafi staðfestir ofangreinda umsókn með undirritun sinni og lýsir því jafnframt yfir að hann hafi kynnt sér meðfylgjandi lagagrein.

Dagsetning

Undirskrift réttihafa

Útfyllt af Sameinaða lífeyrissjóðnum:

Umsókn móttakin	Greiðslutímabil:	Upphæð:
<div style="border: 1px solid black; width: 100%; height: 100%;"></div>	_____	_____
	_____	_____
	_____	_____

Lög

um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

4. gr.

Ákvæði til bráðabirgða VIII í lögum orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 11. og 12. gr. er réttihafa séreignarsparnaðar heimilt á tímabilinu 1. október 2011 fram til 1. júlí 2012 að sækja um útgreiðslu séreignarsparnaðar, sem myndast hefur af viðbótariðgjaldi skv. II. kafla, til vörsluaðila skv. 3.–5. mgr. 8. gr. og skal greiðslum háttað eftir því sem nánar er mælt fyrir um í ákvæði þessu.

Heimilt er á því tímabili sem tilgreint er í 1. mgr. að hefja útborgun innstæðu séreignarsparnaðar réttihafa, ásamt vöxtum, að fjárhæð sem hinn 1. október 2011 nemur samanlagt allt að 6.250.000 kr. óháð því hvort sú heildarfjárhæð séreignarsparnaðar er í vörslu hjá fleiri en einum vörsluaðila. Skal sú fjárhæð greiddast út með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, að frádreginni staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, á 15 mánaða tímabili frá því að beiðni um útgreiðslu er lögð fram hjá vörsluaðila. Útgreiðslutími styttest hlutfallslega ef um lægri fjárhæð en 6.250.000 kr. er að ræða.

Við ákvörðun fjárhæðar réttihafa til útborgunar skal draga frá hámarksfjárhæð, þ.e. allt að 6.250.000 kr., samanlagða fjárhæð þess séreignarsparnaðar sem þegar hefur verið greiddur út á grundvelli ákvæðisins eins og það hljóðaði fyrir 1. október 2011. Sé óskað eftir útgreiðslum samkvæmt ákvæði þessu fellur fyrra greiðslufyrirkomulag niður, en samanlögð heimil heildarfjárhæð útborgunar, allt að 6.250.000 kr., greiðist út í samræmi við ákvæði 2. mgr., sbr. fyrri málslið þessarar málsgreinar.

Óski réttihafi eftir útgreiðslu séreignarsparnaðar skv. 2. mgr. skal hann leggja fram umsókn þess efnis hjá viðkomandi vörsluaðila. Ef réttihafi á séreignarsparnað hjá fleiri en einum vörsluaðila skal hann gera grein fyrir því í umsókn sinni.

Vörsluaðilar séreignarsparnaðar taka ákvörðun um umsókn réttihafa skv. 2. mgr. og hafa umsjón með útgreiðslu á séreignarsparnaði hans.

Skuldheimtumönnum er óheimilt að krefjast þess að skuldarar taki út séreignarsparnað sinn samkvæmt þessu ákvæði, sbr. 2. mgr. 8. gr.

Ríkisskattstjóri hefur eftirlit með útgreiðslum séreignarsparnaðar samkvæmt ákvæði þessu.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um fyrirkomulag eftirlits og útgreiðslu séreignarsparnaðar.

Útgreiðsla séreignarsparnaðar samkvæmt ákvæði þessu hefur ekki áhrif á bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð. Þá hefur útgreiðslan ekki áhrif á greiðslu húsaleigubóta skv. 9. gr. laga um húsaleigubætur, greiðslu barnabóta eða vaxtabóta skv. 68. gr. laga um tekjuskatt, atvinnuleysisbóta skv. 36. gr. laga um atvinnuleysisstryggingar og greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, sbr. 22. gr. laga nr. 22/2006.

Um afgreiðslu umsókna, sem borist hafa í gildistíð eldra ákvæðis og óafgreiddar kunna að vera, skal fara eftir ákvæði þessu, svo breyttu, frá og með gildistöku þess.

